



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 16. júlí 2008 – 29. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Úttekt á stöðu sparisjóðanna Kaupfélög nútímans



6

Íslenskir milljarðamæringar Hverjir eiga enn þá peninga?



8-9

Íslenskur auglýsingamarkaður Ósanngjörn staða RÚV



12

Glitnir aðstoðar Mest

„Það er unnið með Glitni í því að leysa mál félagsins,“ segir Jón Óskar Þórhallsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs byggingafyrirtækisins Mest.



Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur félagið átt í miklum vandræðum. Þriðjungi starfsmanna hefur verið sagt upp undanfarna mánuði. Nú munu hátt í 200 manns starfa hjá félaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur verið ráðinn sérstakur viðskiptaráðgjafi til að endurskipuleggja rekstur félagsins. Eftir því sem næst verður komist er Glitnir einn stærsti kröfuhafinn, en margir aðrir eiga kröfu á félagið.

Engar upplýsingar fást um skuldastöðu Mest né hvort það standi í skilum.

Pétur Guðmundsson, stjórnarformaður Mest, vildi ekkert tjá sig um málefni félagsins þegar Markaðurinn náði tali af honum.

Helsti eigandi Mest er félagið Agn Holding.

- ikh

HELST Í ÚTLÖNDUM

Freddie og Fannie | Bandarísk stjórnvöld komu fasteignalánasjóðunum Freddie Mac og Fannie Mae til hjálpar. Stjórnvöld fá heimild frá þinginu til ótakmarkaðra kaupa hlutabréfa sjóðanna auk aðgangs að lánveitingum bandaríska seðlabankans. Aðgerðin hefur verið mikið gagnrýnd þar sem sumir telja bréfin óseljanleg.

Skál | Belgíski áfengisframleiðandinn InBev NV fékk samþykkt yfirtökutilboð sitt upp á 52 milljarða Bandaríkjadali í bandarísku ölgerðina Anheuser-Busch. Við sameininguna verður til stærsti bjórframleiðandi heims.



Þriðja kynslóðin vinsæl | iPhone 3G seldist í einni milljón eintaka fyrstu söluhelgina. Gengi bréfa í Apple styrktist í kjölfarið. Apple stefnir að því að selja yfir 10 milljónir síma fyrir árslok 2008.

Banki til sölu | Roskilde Bank afskrifar 14,7 milljarða króna eftir að hafa fengið 12 milljarða neyðarlán frá danska seðlabankanum. Eitt af skilyrðum seðlabankans fyrir láninu er að Roskilde Bank verði seldur. Bréf bankans hækkðu á ný við opnun markaða í gær.

Citigroup selur | Citigroup seldi viðskiptabankastarfsemi sína í Þýskalandi til franska bankans CreditMutual Friday. Kaupverðið var 4,9 milljarðar evra.

Vonandi upphafið að víðtækari ráðstöfunum

Formaður SA vill að ríkisstjórnin fari alla leið með evruhugmynd. Formaður VÍ segir valið standa um krónu eða ESB.

Björn Ingi Hrafnsson
viðskiptarítstjóri

„Það verður að gera greinarmun á þessari hugmynd og einhvers konar einhliða upptöku. Þessi hugmynd Björns gengur út á tvíhliða samning sem gefur kost á að Evrópski seðlabankinn verði bakhjarl íslenska seðlabankans. Nú þurfa ríkisstjórnarflokkarnir að bretta upp ermarnar og fara alla leið með þessa hugmynd,“ segir Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, spurður um evrumræðuna sem sprottið hefur upp eftir útspil Björns Bjarnasonar um helgina.

„Ég er kannski fremur bjartsýnn en einhvern veginn finnst mér að þetta geti orðið upphafið að víðtækari ráðstöfunum og hugmyndavinnu á vettvangi ríkisstjórnarinnar sem sýni sig strax í byrjun haustsins. Markmiðið þarf auðvitað að vera að auka hagvöxt á næstu árum. Á aðgerðalistanum þarf að vera endurskoðun peningastefnunnar, viðræður við ESB um tvíhliða samning um evruna, frágangur lána til að styrkja gjalddeyrisforðann, skýr lina um áframhaldandi uppbyggingu orkufrékra tæknifyrirtækja og breytt rekstrarform orkufyrirtækja,“ segir Þór enn fremur.



ERLENDUR HJALTASON



ÞÓR SIGFÚSSON

„Ekkert atvinnulíf þolir hins vegar að vera í lokuðu lánsfjárkerfi með 20% vexti. Það þarf að lækka styrivexti um 3-5% á skömmum tíma.“ segir Þór Sigfússon.

Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs, tekur einnig fagnandi hugmyndum stjórnmalamanna um upptöku evrunnar, enda segir hann að margsinnis hafi verið bent á að staða gjaldmiðilsmála hérlendis sé óviðunandi til lengdar, bæði fyrir íslenskt atvinnulíf og fjölskyldur.

„Nýbreytnin nú er að upptaka evru er hugsuð sem þriðja stoðin í samstarfi Íslands og ESB, til viðbótar við EES og Schengen, og fæli þá í sér stuðning ESB við íslenska peningakerfið. Formlegar viðræður af þessu tagi fælu í sér ákveðna yfirlýsingu af hálfu stjórnvalda um íslensku krónuna og peningastefnu Seðlabanka Íslands,“ segir Erlendur.

Hann telur mikilvægt að ýta umræðu og framtíðarskipan peningamála hérlendis áfram og sjálfsagt sé að kanna kosti og galla þessarar leiðar. „Það er engu síður mitt mat að á endanum munu Íslendingar standa frammi fyrir sömu spurningunni og uppi hefur verið að undanförunu, hvort við höldum krónunni og reynum að styrkja peningakerfið eða hvort við göngum í ESB og tökum upp evru í kjölfarið,“ segir Erlendur Hjaltason.

Ár hagræðingar hjá fyrirtækjum

Samkvæmt nýrri könnun Samtaka atvinnulífsins (SA) á rekstrarhorfum fyrirtækja hafa nærri þrjú af hverjum fjórum aðildarfyrirtækjum ráðist í hagræðingaráðgerðir á árinu eða hyggjast gera það. Þá hefur tæpur helmingur fyrirtækjanna haldið að sér höndum í ráðningum frá síðustu áramótum og hafa ekki áætlanir um frekari

ráðningar fram að áramótum. Um þriðjungur fyrirtækjanna hefur þurft að ráðast í uppsagnir eða hyggjast gera það. Samkvæmt könnuninni mun fækka um 2.500 störf á árinu í þeim atvinnugreinum sem könnunin nær. Um þriðjungur fyrirtækjanna hefur þurft að glíma við lánsfjáarskort sem hefur helst birst í vanda við öflun lánsfjár

til daglegs rekstrar og við fjármögnun nýrra verkefna. Vanskil viðskiptavina hafa gert fyrirtækjunum erfiðara fyrir.

„72% svarenda í könnuninni hafa ekki þurft að glíma við lánsfjáarskort. Lýsir þetta almennum styrk atvinnulífsins og hversu mörg öflug fyrirtæki hafa byggst upp á undanförunum árum,“ segir á vef SA. - ghh

TrackWell

Tíma- og verkskráning Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjalddeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK, GBP, DKK, USD, EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluadili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-1,1%	0,9%
Atorka	-0,3%	-38,1%
Bakkavör	-5,1%	-56,8%
Exista	-7,3%	-66,6%
Glitnir	-4,2%	-31,9%
Eimskipafélagið	0,0%	-58,8%
Icelandair	-1,5%	-40,7%
Kaupþing	-3,3%	-17,6%
Landsbankinn	-2,1%	-35,8%
Marel	0,8%	-12,6%
SPRON	-5,3%	-65,0%
Straumur	-1,9%	-36,1%
Teymi	-1,5%	-67,2%
Össur	-2,8%	-11,4%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

Lýður í pallborði Economist

„Ég hef lofað að mæta á ráðstefnuna og taka þátt í umræðum, en hef ekki velt þessu frekar fyrir mér en sem komið er,“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu.

Lýður tekur þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnu breska viðskiptatímamarkaðsins Economist í Finnlandi síðla í september. Aðrir þátttakendur eru Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, auk fjármála-, viðskipta- og varnarmálaráðherra landsins, sem jafnframt fer með málefni ríkisfyrirtækja. Þá tekur forstjóri breska lögfræðifyrirtækisins Bird & Bird



þátt í pallborðinu auk áhrifafólks í finnsku stjórn mála- og viðskiptalífi.

Efnahagsmál Finnlands í þeim ólgusjó sem ríðið hefur yfir alþjóðlega markaði síðan í fyrrrahaust eru í brennidepli.

Exista er meðal umsvifamestu erlendra fjárfesta í Finnlandi en félagið á fimmtungshlut í finnska fjármála fyrirtækinu Sampo. Lýður situr í stjórn þess.

Hann reiknar með því að bíða með undirbúning þar til nær dregur. „Það þýðir lítið að velta fyrir sér umræðum fyrr en nær dregur enda eru tölverðar sviptingar í finnsku efnahagslífi um þessar mundir eins og annars staðar,“ segir hann.

LÝÐUR GUÐMUNDSSON

Kaupa danskt fyrirtæki

„Toraco er vel rekið fjölskyldufyrirtæki með góðum viðskiptamannahópi og við teljum mikil tækifæri felast í þessum kaupum,“ segir Gunnar Björn Hinz, annar eigandi Toraco Finmekanik. Ólafur Örn Karlsson og Gunnar Björn Hinz hafa keypt danska fyrirtækið sem sérhæfir sig í framleiðslu á málmhlutum. Fyrirtækið er gamalgróið fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1956. Það var VBS fjárfestingarbanki hf. sem hafði milli-göngu um kaupin, en Danske Bank fjármagnaði.

- ghh



FRÁ OLÚGEYMUM Í HVALFIRÐI Lítið ef nokkuð af bensíni og dísilolíu er geymt í olúgeymum í Hvalfirði um þessar mundir, þrátt fyrir að þar sé nóg pláss.

Olúgeymarnir í Hvalfirði eru tómir

„Það er ekkert í tönkunum hjá Neste núna. Þeir voru fullir um skeið en voru tæmdir í maí,“ segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olúdreifingar.

Olúdreifing hefur yfir að ráða hátt í sextíu milljóna lítra geympláss í Hvalfirði. Um tveir þriðju af því eru leigðir til finnska ríkis-olíufélagsins Neste.

Neste tók þá á leigu til fimm ára frá síðasta hausti, að loknum endurbótum á tönkunum.

Annað geymslupláss notar Olúdreifing sjálf. Þar er lítið nú. Þetta pláss er notað dugi ekki geymslupláss félagsins í Örfirisey. Þar er geymsla olía fyrir Olúdreifingu, Olís og N1. Skeljungur er þar einnig með aðstöðu.

Skeljungur á líka um fjórutíu þúsund tonna geympláss í Hvalfirði. Plássíð fékk Skeljungur í kjölfar útboðs Ríkiskaupa á eignum Atlantshafsbandalagsins síðasta haust.

„Við gerum ráð fyrir að þetta fari í leigu í haust, en þarna er ekkert núna,“ segir Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri rekstrar-sviðs Skeljungs. Hann segir að frá því að félagið tók við geymunum hafi verið unnið að endurbótum. Þá sé félagið í viðræðum við erlenda aðila um leigu á geymunum, en þeim sé ekki lokið.

Hörður Gunnarsson segir að enn sem komið er hafi ekki verið mikill hagnaður af leigu á geympláss til Finna. „Við þurfum að gera nokkrar endurbætur á tönkunum. Þetta tekur tíma að borga sig.“

Hörður vill ekkert segja um hvort Finnarnir hafi hagnast á því að geyma bensín og dísilolíu í Hvalfirði, á tímum ört hækkandi olíuverðs. Hann bendir á að yfirleitt sé gerðir framvirkir samningar til nokkurra mánaða um þessa hluti. Þá geti verið dýrt að geyma olíu lengi. Fjármagnskostnaður ráði þar mestu.

- ikh

Sjóðirnir græða á falli krónunnar

Sameiginlegur gengishagnaður þriggja stærstu lífeyrissjóða landsins gæti numið allt að 60 milljörðum króna. Frá áramótum hefur gengið veikt um tæplega 25 prósent en ef miðað er við lægsta gildi krónunnar er veikningin um 40 prósent.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á hlutabréfaverði eða framvirkum gjaldeyrissamningum. Líklegt má telja að framvirkir

gjaldeyrissamningar dragi úr hagnaði lífeyrissjóðanna.

„Hugsun löggjafarvaldsins um lífeyrissjóðina hefur miðast við að takmarka erlendar eignir þeirra. Það vekur hins vegar upp áleitnar spurningar um hvar hin eiginlega áhætta liggur, líkt og erlendar eignir séu í einhverjum skilningi áhættusamari en sambærilegar innlendar eignir,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

„Hugsanlega kæmi til greina að snúa þessari reglu við. Réttara væri að takmarka innlendar eignir í stað erlendra,“ segir Ólafur. Hann bendir á að þetta á ekki síst við í ljósi þess að samanlagðar eignir lífeyrissjóðanna eru meira en 130 prósent af landsframleiðslu.

Ekki náðist í aðila frá lífeyrissjóðunum þremur vegna þessa máls.

-bpa



KAUPÆÐIÐ AÐ RENNA AF ÞJÓÐINNI Emil B. Karlsson hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar segir almenning leita að ódýrari valkostum í stað dýrari matvæla, nautasteikin vikur fyrir dílkakjötinu.

MARKAÐURINN/ARNÞÓR

Neysla á niðurleið

Samdráttur í allri verslun, mestur í áfengi og húsgögnum en minnst á matvælum og skóm. Breytt neyslumynstur í kreppu.

Björn Þór Arnarson
skrifar

Smásöluverslun er á niðurleið, krepputal og harðnandi efnahagsástand virðist farið að hafa áhrif á neyslumynstur þjóðarinnar. Samkvæmt smásöluvísitölu Rannsóknarseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst er dagvöruverslun á niðurleið. Hún dróst saman um 2,2 prósent

á síðustu tólf mánuðum á föstu verðlagi. Dagvöruverslun er að meginhluta matvara auk annarra heimilisvara, svo sem hreinlætisvörur. Smásöluvísitalan dróst saman um 2,3 prósent. Sundurliðun á vísitölunni og vigt einstakra liða má sjá í meðfylgjandi töflu.

„Þegar nauðsynjavörur hækka bitnar það á annarri tegund verslunar, svo sem dýrari bílum og fatnaði,“ segir Emil B. Karlsson,

forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar. Hann bendir á að það sé ekki miklar sveiflur í dagvöruverslun, samdrátturinn sé í þeim vörum sem annars væru keyptar fyrir þá fjármuni sem fara nú í mat og aðrar nauðsynjavörur. Emil segir að breyttar aðstæður kalli á aðlögun og breytt neyslumynstur.

„Samdráttur virðist hafa orðið í flestum tegunda verslunar í júní, sem er í samræmi við minnkandi kaupmátt ráðstöfunartekna. Verðhækkningar, aukinn vaxtakostnaður og almenn verðbólga valda minnkandi einkaneyslu og samdrætti í verslun,“ segir Emil. Hann bendir á að þegar virðisaukaskatturinn var lækkaður fyrir ári þá færði fólk sig í nautasteik úr dílkakjötinu en nú eru blikur á lofti um að sú þróun sé að ganga til baka, nautasteikin viki fyrir dílkakjötinu.

SAMDRÁTTUR Í SMÁVÖRUVERZLUN Í JÚNÍ

Júní 2008	Vigt	Breytilegt verðlag		Fast verðlag	
		Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta mánuði
Dagvara	69,1%	-2,6%	13,5%	-3,4%	-2,2%
Áfengi	12,8%	-7,4%	-3,7%	-8,1%	-9,6%
Föt	8,8%	-5,1%	-2,2%	-5,7%	-7,7%
Skór	1,7%	7,3%	8,0%	4,9%	-1,9%
Húsgögn	7,7%	-10,4%		-8,2%	
Alls		-3,9%	10,2%	-4,5%	-2,3%

Garn og grillaukahlutir

„Við seljum meira af grillaukahlutum en grillum, sem er merki um breytt neyslumynstur,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa.


Gunnar bendir á að bensín-droppinn sé dýr sem kemur fram í söluaukningu á hjólum. Hann segir að einnig hafi sala á garni og snyrtivörum aukist. Hins vegar hefur sala á grillum, húsgögnum og stærri raftækjum

dregist saman, segir Gunnar.

Þessar niðurstöður benda til þess að Íslendingar séu í auknum mæli að gera upp gömlu grillin og þrjóna peysur til að spara krónur í krepputíð.

ÞRJÓNA Á KREPPUTÍMUM

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, segir að svo virðist sem fólk hjóli og þrjóni til að spara krónur á krepputímum.





Hvað veist þú um fjárhagsstöðu viðskiptamanna þinna?

Creditinfo Ísland kynnir nýtt CIP Áhættumat, tölfræðilegt reiknilíkan sem metur líkur þess að íslensk fyrirtæki lendi í alvarlegum vanskilum innan tólf mánaða.

Áhættumatið er forsenda góðrar ákvörðunartöku um reikningsviðskipti, verðlagningu og mat á samstarfsaðilum.

Er fyrirtækið þitt með heilbriggt kröfusafn? Sendu okkur safnið til greiningar, við metum það og gerum tillögu að næstu skrefum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á WWW.CREDITINFO.IS OG HJÁ FYRIRTÆKJARÁDGJÖFUM CREDITINFO ÍSLANDS.

CREDITINFO ÍSLAND
UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 550 9600, www.creditinfo.is

iPhone-síminn rennur út

Apple seldi 425 þúsund eintök af nýja iPhone-símanum á þremur dögum sem liðu frá því síminn var settur á markað. Apple setti farsímamann, sem styður við þriðju kynslóð í farsímatækni, í sölu á föstudag í síðustu viku. Þetta er samkvæmt upplýsingum Bloomberg-fréttaveitunnar.

Til samanburðar seldust 270 þúsund iPhone-farsímar af fyrstu gerðinni á tveimur dögum eftir að þeir komu á markað fyrir ári.

Bloomberg hefur eftir ráðgjafa hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Piper Jaffray & Co

af Apple selji líklega um fjórar milljónir eintaka af farsímanum á þessum ársfjórðungi og allt að tuttugu milljónir á árinu öllu. Mestu munar að Apple hefur náð samningum við mun fleiri símafyrirtæki um að veita þjónustu við iPhone-símaeigendur en í fyrra.

Netmiðillinn Bloggingstocks bendir á að þetta séu smámunir miðað við farsímasöluna hjá Nokia, sem selur 400 milljónir farsíma á ári hverju. - jab



Oliuverðið í hugum flugvélaframleiðenda

Alþjóðlega flugvéla- og sölusýningin í Farnborough hófst í Bretlandi á mánudag og stendur hún fram á sunnudag.

Menn búast almennt við að fátt verði rætt um annað en viðbrögð flugvélaframleiðenda við geysiháa oliuverði sem hefur sett strik í reikning flugfélaga víða um heim og valdið því að dregið hefur verulega úr sölu á nýjum flugvélum.

Fréttastofa Reuters hefur eftir sérfræðingum í flugmálum að litlu flugvélaframleiðendurnir muni vera uggandi fyrir aðstæðunum nú, hafi menn ekki séð það svartara síðan 11. september árið 2001 þegar hryðjuverkamenn flugu tveimur farþegaþotum á Tsviburturnana í New York-borg í Bandaríkjunum.

Á móti þykir líklegt að keppinautarnir Airbus og Boeing, umsvifamestu flugvélaframleiðendur í heimi, muni hafa nóg að gera þótt skrifað verði



EIF AF VÉLUM BOEING Bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing hefur leitað leiða til að knýja þotur sínar með nýjum orku-gjöfum. MARKAÐURINN/AFP

undir færri sölusamninga nú en í fyrra. Fyrirtækin hafi landað fjölmörgum samningum um nýsmíði og flugvélaeigu og dugi þeir flugvélaframleiðendunum í heil sjó ár. - jab

Somerfield selt í vikunni

Líklegt er að skrifað verði undir kaup bresku verslanakeðjunnar Co-Op á samkeppnisaðilanum Somerfield í vikunni. Breskir fjölmiðlar herma að eigendur Somerfield fái í hendur 1,6 milljarða punda, jafnvirði tæpra 250 milljarða króna.

Stærsti hluthafi Somerfield er Íransættaði fasteignamóguillinn Robert Tchenguiz, stjórnarmaður í Existu. Hann tók 30 prósent hlut þegar verslunin skipti síðast um hendur undir árslok 2005 og var í framhaldinu tekin af hlutabréfmarkaði.



EIF VERSLANA SOMERFIELD

Aðrir hluthafar eru fjárfestingarfélagið Apax Partners og breski bankinn Barclays Capital auk þess sem Kaupþing var skráð fyrir níu prósent hlut.

Kaupendur reiddu þá fram 1,1 milljarð punda fyrir Somerfield á sínum tíma. Beinn hagnaður nemur því 500 milljónum punda, tæpum 77 milljörðum króna.

Breskir fjölmiðlar reikna þó ekki með að hluthafarnir séu kátir með verðið enda lagt upp með að fá 2,5 milljarða punda þegar hún var sett í söluméðferð í byrjun árs. - jab

Telur bankaprot líklegt í Danmörku

Fyrir um ári höfðu fjölmiðlar í Danmörku mest áhyggjur af vandræðum íslenskra banka. Nú hriktir í dönsku fjármálakerfi. Ole Mikkelsen fjallaði hvað mest um íslensku banka í Berlingske Tidende.

Guðný Helga Herberdsdóttir
skrifar



OLE MIKKELSEN, FYRRVERANDI BLADAMAÐUR Á BERLINGSKE TIDENDE. Hefur skrifað margar umdeildar greinar um efnahagsástandið á Íslandi. AÐSEND MYND

„Litlu bankarnir í Danmörku eru komnir í sömu vandræði og þeir íslensku með fleiri útlán en innlán. Munurinn á Íslandi og Danmörku er að í Danmörku eru það ekki stóru bankarnir sem eru í vandræðum heldur þeir litlu. Þeir hafa verið svo óþreijufullir að stækka að fjárfestingar þeirra hafa verið heldur til of glæfralegar. Ég tel að það sé bankaprot í kortunum í Danmörku, hjá litlu bönkunum,“ segir Ole Mikkelsen, fyrrverandi blaðamaður hjá Berlingske Tidende og rithöfundur.

„Þetta er í raun endurtekning á því sem gerðist fyrir 15 árum þegar bankar komust í vandræði út af fjárfestingum á fasteignamarkaði. Roskilde Bank var á barmi gjaldþrots á þeim tíma. Þeir virðast ekki hafa lært af reynslunni.“

Hlutabréf í dönskum bönkum hrífalla í verði en sjö bankar eru meðal þeirra fyrirtækja sem hafa lækkað mest í dönsku kauphöllinni síðustu daga. Bréf í Aarhus Lokalbanc virðast vera í frjálsum falli auk þess sem bréf í Roskilde Bank hafa lækkað töluvert eftir að fréttir bárust af stöðu bankans. Hins vegar hækkuðu bréfin heldur óvænt á ný við opnun kauphallarinnar í gær vegna fréttar af hugsanlegri sölu bankans. Þá hafa bréf Danske Bank fallið um hartnær helming frá upphafi ársins 2007. Forstæðernes Bank birti afkomuviðvörðun síðastliðinn föstudag og hefur það haft töluvert áhrif á gengi bréfa. Mikkelsen segir að margt sé líkt með Forstæðernes Bank og Roskilde Bank og spáir erfiðri framtíð fyrir bankann.

Í Berlingske Tidende kemur fram að Standard & Poor meti það svo að fjölmörg dönsk fjármálafyrirtæki muni lenda í vandræðum á næstu 12 til 18 mánuðum en að stærstu bankarnir; Danske Bank, Nykredit, Jyske Bank og Nordea, séu ekki í hættu.

Fasteignaverð í Danmörku hefur fallið hratt og er gert ráð fyrir um 10 prósent verðfalli í ár og því næsta. Lækkun á fasteignamarkaði gæti orðið þungbær fyrir þær fjármálastofnanir sem hafa byggt eignasafn sitt upp á ofmetnum fasteignum. Fjármálaeftirlitið í Danmörku hefur nú sérstakt eftirlit með um 30 bönkum.

Mikkelsen telur ekki að danski seðlabankinn muni koma öðrum til bjargar gerist þess þörf. Rune Rechenbach, forstöðumaður kynningarmála hjá danska fjármálaráðuneytinu, tekur í sama streng í viðtali við Börsen: „Ef 12 milljarða króna ábyrgðin verður nýtt þá get ég ekki sagt til um það hvort það verði mögulegt að bjarga öðrum banka á sama hátt og Roskilde Bank. Peningaskápurinn er ekki óþrjótandi.“

Ástandið hjá Roskilde Bank mun hafa gríðarleg áhrif á allan bankageirann í Danmörku. Danskir bankar sem taka erlend lán munu þurfa að greiða auka áhættuálag einungis vegna þess að bankinn er danskur. Þann reikning munu bankarnir að öllum líkindum senda áfram til viðskiptavina sem munu þá greiða hærri vexti. Reynslan af Northern Rock í Bretlandi sýndi að vextir hækkuðu verulega en bankinn fékk ábyrgðir frá ríkinu rétt eins og Roskilde Bank.

Spurður um ástandið á íslenska fjármálamarkaðnum segir Mikkelsen: „Það er mín tilfinning að það sé mikið hreinsunarstarf í gangi hjá Glitni og Kaupþingi. Ég held að Glitnir eigi í stærstu vandræðunum. Kaupþing stendur betur að vextir en Glitnir þar sem undirstaða fjárfestinga þess er sterkari. Það á til að mynda FIH banka sem er hrein og klár peningamaskína. Ég held að við eigum ekki eftir að sjá íslenska banka í stórum fjárfestingum á næstunni. Niðursveiflan heldur áfram, a.m.k. næstu 6 til 12 mánuðina.“

Seðlabankastjórinn hafnar launahækkun

Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, hafnaði á dögnum vænni launahækkun sem hann átti rétt á samkvæmt endurnýjuðum ráðningarsamningi hans frá í byrjun mánaðar.

Laun seðlabankastjórans hljóða upp á rúm 290 þúsund pund á ári. Mánaðarlaun hans nema um 3,7 milljónum króna þessu samkvæmt. Ráðningarsamningur Kings kvað á um að launin færu upp í allt að 400 þúsund pund yrði hann endurráðinn líkt og raunin varð. Hækkunin nemur þessu samkvæmt um 110 þúsund pundum, jafnvirði tæpra sautján milljóna íslenskra króna, á ári. King kaus hins vegar að sleppa hækkuninni nú og halda sig við upphaflegu launin.

Ástæðan er sú að aðstæður í efnahagslífinu eru með þeim



MERVYN KING Seðlabankastjóri Bretlands, sem hér horfir til Gordons Brown forsætisráðherra, verður að lifa á gömlu launinum áfram, um 3,7 milljónum íslenskra króna á mánuði. MARKAÐURINN/AFP

hætti að hann getur ekki leyft sér að taka við launinum, segir breska dagblaðið Telegraph og hnýtir við að seðlabankastjórinn breski hafi gagnrýnt mjög ógnarháar árangurstengdar bónusgreiðslur sem forráðamenn fjármálafyrirtækja fá fyrir störf sín. - jab



„Auðvelt að brúa bilið“

„Það er frábær þjónusta hjá Lýsingu að bjóða sveigjanleika í afborgunum. Það kemur sér mjög vel á meðan ég er í fæðingarorlofi að geta greitt minna en venjulega. Þegar maður er með eigin rekstur er ómetanlegt að fá þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins.“

Tinna Kristín Snæland,
tannlæknir


Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

Sparisjóðirnir eru kaupfélög nútímans

Rekstarfyrirkomulag sparisjóðanna er barn síns tíma. Markaðsaðstæður knýja á um hagræðingu hjá fjármálastofnunum. Sparisjóðirnir hafa ekki varið eigið fé sitt með sama hætti og viðskiptabankarnir. Haggræðingarmöguleikar til staðar segir prófessor við HÍ. Björn Þór Arnarson skoðaði stöðu sparisjóðanna og ræddi við sérfræðinga.

Staða margra sparisjóða er slæm um þessar mundir. Sparisjóðirnir hafa að mestu leyti skilað hagnaði vegna hækkana á hlutabréfum en þegar þær hækkanir ganga til baka og vel það harðnar á dalnum. Heimildarmaður Markaðarins segir að allir þeir sparisjóðir sem eiga bréf í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. séu í verulegum vandræðum.

Kista er næststærsti hluthafinn í Existu með um sjö prósent hlut. Bréf Existu hafa fallið um rúmlega 80 prósent á innan við einu ári. „Kista hefur notið mikils gengishagnaðar á hlutabréfum undanfarin ár en eignin hefur verið skuldbætt og veðhlutfallið orðið ákaflega lágt eftir miklar lækkanir á markaði,“ segir heimildarmaður Markaðarins.

„Þetta er erfið staða fyrir þá sparisjóði sem eiga í Kistu í ljósi þess að undirliggjandi rekstur sparisjóðanna er ekki sterkur og þeir þurfa að nota fé sitt í að auka eigið fé Kistu til að halda því á floti,“ segir heimildarmaður Markaðarins.

Eftirfarandi aðilar standa að Kistu – fjárfestingarfélagi ehf.: Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. (41,56%), Sparisjóður Keflavíkur (27,85%), Sparisjóður Mýrasýslu (11,65%), Eyraeldi ehf., dótturfélag Sparisjóðs Vestfirðinga (6,14%), Þrælsfell ehf., dótturfélag Sparisjóðs Húnaþings og Stranda (4,83%) og Sparisjóður Svarfðæla (7,97%).

MÖGULEIKAR TIL HAGRÆÐINGAR

„Það er ljóst að núverandi aðstæður er mjög erfiðar fyrir allar fjármálastofnanir,“ segir Ásgeir Jónsson, lektor við Háskóla Íslands og forstöðumaður greiningar Kaupþings. Hann bendir á að sparisjóðirnir láni mun meira til einstaklinga en fyrirtækja sem gæti komið sér vel. „Fjárhagsleg staða Íslenskra heimila hefur sjaldan verið sterkari enda er helftin af lánnum þeirra verðtryggt með fastri ávöxtunarkröfu. Það hefur fram til þessa verið mikill kostur og það sýndi sig til að mynda í niðursveiflunni 1989-1994 að vanskil í einstaklingslánnum voru mun minni en í fyrirtækjalánnum. Sterk staða í einstaklingsþjónustu mun því vera góð stöð fyrir sparisjóðina en hins vegar hafa þeir margir verið að færa út kvíarnar í fyrirtækjaþjónustu sem gæti haft meiri áhættu í för með sér,“ segir hann.

Ásgeir telur mikla hagræðingarmöguleika í íslensku fjármálakerfi eftir útrásina undanfarin ár. „Það liggur fyrir að hægt er að sinna sömu þjónustu með færri fólki,“ segir Ásgeir.

Ásgeir telur rekstrarfyrirkomulag sparisjóðanna barn síns tíma. „Gamla sjálfseignarfyrirkomulag sparisjóðanna þar sem eignarhald leikur á tvennu gengur ekki nú til dags þar sem það samræmist ekki nútímafjármálaumhverfi,“ segir Ásgeir.

„Rekstur fjármálastofnana er erfiður, sérstaklega fyrir smáar stofnanir sem starfa mestmegnis innanlands. Innlend fjármögnun er bæði dýr og þröng um þessar mundir og gerði Seðlabankinn fjármögnun enn erfiðari með aðgerðum sínum til að halda uppi



ÁSGEIR JÓNSSON
Lektor við Háskóla Íslands og forstöðumaður greiningar Kaupþings.
MARKAÐURINN/E.ÓL.



FRÍÐRIK MÁR BALDURSSON
Prófessor við Háskólann í Reykjavík.



PÉTUR BLÖNDAL
Alþingismaður.
MARKAÐURINN/STEFÁN

gengi krónunnar,“ segir Ásgeir. Hann segir ljóst að við núverandi aðstæður þar sem stýrivextir eru mjög háir og ríkið er í óða önn að gefa út bréf á þessum háu vöxtum þurrkar það upp fjármálamarkaðinn. Hann bendir á að aðgerðir Seðlabankans geri innlendum fjármálafyrirtækjum erfitt fyrir þar sem fjármagn leitar til Seðlabankans í stað þess að leita til fjármálastofnana í formi innlána. Ásgeir telur að við slíkar aðstæður skapist eins konar innlend gjaldeyriskrísa sem bitnar hve harðast á smáum fjármálastofnunum líkt og sparisjóðum.

SPARISJÓÐIRNIR VERJA SIG EKKI

Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Keflavíkur, telur stöðu sparisjóðanna ágæta en misjafna. Hann segir að margir minni sparisjóðir fjármagni sig nær einvörðungu með innlánnum en aðrir leita á lánsfjármarkað líkt og stóru bankarnir.

Spurður um hvort sparisjóðirnir notist við einhvers konar eiginfjárvörnir til að verjast falli krónunnar segir Geirmundur: „Erlend lán eru ákaflega lítill hluti af okkar lána-safni og gengisfall krónunnar hefur því ekki mikil bein áhrif á rekstur okkar.“ Hann bendir á að sparisjóðirnir láni áfram til viðskiptavina þau erlendu lán sem sparisjóðurinn tekur. Áhrif af gengisfalli krónunnar eru einungis óbein segir Geirmundur, gegnum verri skuldastöðu viðskiptavina sparisjóðsins.

Í sama streng tekur Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs. „Við höfum ekki notið eiginfjárvörnir á sama hátt og viðskiptabankarnir. Við höfum tekið erlend lán sem við höfum lánað áfram til okkar viðskiptavina og haldið gjaldeyrissjófnuði með þeim hætti,“ segir hann og bætir við að um fjórðungur útlána þeirra sé í erlendri mynt.

HAGKVÆMNI Í REKSTRI

„Breytingar á markaði krefjast stærri eininga bæði varðandi stærðarhagkvæmni í rekstri og ekki síður vegna stærðarhagkvæmni í lán-töku. Auk þess er krafa um betri rekstrarafkomu sparisjóða,“ segir Pétur Blöndal, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

„Samvinna á sviði lánveitinga jafnt sem lán-töku er nauðsynleg vegna smæðar sparisjóðanna. Sparisjóðirnir geta ekki veitt samsvarandi þjónustu og stærri bankar og þurfa því að vinna með öðrum,“ segir Pétur.

Pétur segir að þeir sem tilnefna í stjórnir sparisjóða hafi ekki endilega hagsmuni af því

að sparisjóðir skili arði þar sem þeir fá ekkert af því sjálfir og gætu reynt að ná sínum hagsmunum fram með öðrum hætti. Slíkt getur kallað fram önnur sjónarmið, há stjórnarlaus, góð lífeyrisréttindi eða að ná þessum áhrifum fram með öðrum hætti en hækkun hlutabréfa. Stjórnir sparisjóða noti völd sín til óbeinna áhrifa í viðskiptalífnum með einhverju móti.

„Það er enginn sem á þetta fé, það getur vel verið að sjálfseignarstofnanir eigi rétt á sér í smærri stofnunum en þegar stofnanir velta svona miklu þá er hættu á að menn misnoti völd og fé með einhverjum hætti,“ segir Pétur.

Spurður um hvort sparisjóðaformið væri að líða undir lok segir Pétur að það sé margir sem trúa því að sparisjóðaformið sé hið eina rétta, en þar tvinnast inn stjórnmálaskoðanir manna, hvort menn séu hlynntir sameign eða séreign. „Ég hef ekki trú á því að sparisjóðaformið sé hið rétta,“ segir Pétur.

KAUPFÉLÖG NÚTÍMANS

„Sparisjóðirnir byrjuðu sem bankar fátæka fólksins þar sem almúgurinn gat ekki opnað reikning í hefðbundnum lánastofnunum. Sparisjóðirnir eru merkilegt fyrirbrigði og þjónuðu mikilvægu samfélagslegu hlutverki á sínum tíma. Sá tími er liðinn,“ segir Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

„Það er gjarnan ætlast til þess að sparisjóðir í smærri byggðum láni til heimabyggðar. Ef sparisjóður í litlu plássi hverfur þá verður aðgangur að lánsfé slakari. Það er augljóst að hér á höfuðborgarsvæðinu hafa sparisjóðirnir ekki sama samfélagslega hlutverk og áður fyrr. Sparisjóðirnir eru að þróast í átt að venjulegum bönkum.

„Mikill hluti af eiginfé sparisjóðanna er til komið vegna gengishagnaðar af hlutabréfum í Kaupþingi og öðrum félögum,“ segir Friðrik. Hann bendir á að frumskilyrði fyrir því að sparisjóðir geti sameinast öðrum fjármálastofnunum er hlutafélagavæðing. Sparisjóðir geta þó sameinast innbyrðis án þess að hlutafélagavæðast.

Friðrik segir að líkja megi sparisjóðunum við kaupfélögin. „Kaupfélögin náðu ekki að laga sig að breyttum tíma og voru rekin með verðbólguhagnaði,“ segir Friðrik. Sparisjóðirnir hafa þróast frá því að vera bankar alþýðunnar með samfélagslegt hlutverk en ná vegna smæðar sinnar ekki að standast kröfur tímans um hagkvæmni í rekstri.



SPARISJÓÐUR KÓPAVOGS Sparisjóður Kópavogs rann inn í Byr. Hröð þróun hefur átt sér stað undanfarin ár og líklegt má telja að fleiri sameiningar séu væntanlegar á næstunni.
MARKAÐURINN/GVA

Eiginfjárvörnir

Eiginfjárvörnir virka með þeim hætti að bankar taka fé til hliðar í eiginfjárgrunni í þeim gjaldmiðli sem er lánað. Basel II reglur kveða á um að stofnanir leggi til hliðar ákveðið hlutfall innlána í eiginfjárgrunni.

Munurinn á gjaldeyrsvörnum og venjulegum innlánnum er að fé er sett í eiginfjárgrunninn í samræmi við þann gjaldmiðil sem lánað er í.

DÆMI:

Ef banki lánar 100 evrur þá skal banki leggja inn jafnvirði átta evra í eiginfjárgrunn. Ef banki ver sig þá leggur viðkomandi banki átta evrur í eiginfjárgrunn, svokallaða eiginfjárvörð.

Ef banki notast ekki við gjaldeyrsvörnir þá leggur bankinn inn jafnvirði átta evra í eiginfjárgrunn en munurinn er sá að upphæðin er lögð inn í íslensku krónum. Ef gengið veikist þá þarf bankinn að leggja meira til í eiginfjárgrunninn því þá þarf fleiri krónur til að uppfylla eiginfjárvörðina. Ef lagðar eru til hliðar átta evrur í eiginfjárgrunninn þarf bankinn ekki að breyta stöðu sinni í eiginfjárgrunninn ef gengið breytist.

„Ef sú leið er farin að nota eiginfjárvörnir aukast kvaðir á bankana í uppsveiflu en dregur úr þeim í krepptu. Eiginfjárvörnir eru því að draga þá úr sveiflum.“

Heimild: Gengisvarnir á eiginfé banka og fjármálalegur stöðugleiki. Jón Dánielsson og Ásgeir Jónsson. Birtist í Fjármálatíðindum, fyrra hefti, árið 2006.

MIKIÐ ÚRVAL AF KERRUM ALLT ÚRVALIÐ Á WWW.THULETRAILERS.IS



THULE 1205S

Vinsælasta heimiliskerran!
Innanmál: 203 x 116 x 35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burdargeta: 600 kg
Dekk: 13"

TILBODSVERÐ
117.000,-



THULE 2350TB

Alvöru íðnaðarkerran!
Innanmál: 350 x 153 x 40 cm
Heildarþyngd: 2000 kg
Burdargeta: 1450 kg
Dekk: 13"

Verð
435.000,-



THULE 2300S

Góð undir sleða og fjórhjól!
Innanmál: 300 x 153 x 40 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burdargeta: 408 kg
Dekk: 13"

TILBODSVERÐ
235.000,-




THULE 1150S

Góð í garðinn!
Innanmál: 144 x 94 x 35 cm
Heildarþyngd: 600 kg
Burdargeta: 500 kg
Dekk: 13"


TILBODSVERÐ
99.000,-

LÁTTU EKKI RÍKIÐ PLATA ÞIG


RÚV AUGLÝSING
SKÍFURIT BIRT 28.05.2008




RÉTT HLUTFÖLL




RÚV AUGLÝSING
SKÍFURIT BIRT 30.06.2008



RÉTT HLUTFÖLL



Einstaklingar í markhópi auglýsinga RÚV eru 12 til 80 ára, án þess þó að það komi fram í auglýsingunum.



BYLGJAN BER AF

OG ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingu Capacent í aldurshópnum 12-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008.

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Hverjir eiga ennþá penninga?

Miklar sviptingar hafa verið á hlutabréfamarkaði undanfarið ár frá því að úrvalsvísitalan náði 9.016 stigum á sama tíma fyrir ári. Hún stendur nú í 4.155 stigum, sem er 54 prósentu lækkun á einu ári. Annas Sigmundsson leitaði til nokkurra sérfræðinga til að fá svör við því hverjir hefðu farið illa út úr fjármálakreppunni og hverjir ættu ennþá peninga.

Það var samdóma álit viðmælenda að sigurvegarar þessa fyrri hluta árs væru þeir Björgólfur Thor Björgólfsson og Gísli Reynisson. Stærstu eignir þeirra beggja eru óskráðar og margar skráðar erlendis.

Hið sama má segja um þá bræður Karl og Steingrím Wernerssyni og Jón Helga Guðmundsson auk Ólafs Ólafssonar. Ólafur er líklegast sá eini af þeim sem komast á listann sem virðist hafa farið ágætlega út úr ástandi síðustu mánaða á innlendum hlutabréfamarkaði.

Hrunið á hlutabréfamörkuðum hér hefur því ekki komið eins nærri þeim eins og öðrum íslenskum milljarðamæringum. Við vinnslu þessarar úttektar var stuðst við úttekt Sirkuss, fylgirits Fréttablaðsins, frá því í maí í fyrra. Einnig var birtur listi yfir tíu ríkustu Íslendingana í Markaðinum 12. mars síðastliðinn. Miklar breytingar hafa orðið í hópi þeirra sem komast á listann. Menn eins og Hannes Smárason, sem átti eignir upp á 42,5 milljarða króna fyrir ári, kemst ekki á lista. Hið sama á við um Magnús Kristinsson. Hans eignir voru metnar á um 40 milljarða króna.

Þótt margir þeirra sem komast ofarlega á lista nú séu með stóran hluta eigna sinna í óskráðum félögum gefur það ef til vill ranga mynd. Einn viðmælenda orðaði það svo að

ástandið í dag væri þannig að erfitt yrði að finna kaupendur að mörgum af þessum félögum. Því væri mjög erfitt að setja verðmiða á þær.

Eins og sjá má á listanum eru þeir bræður Agúst og Lýður Guðmundssynir komnir í fimmtánda sæti. Þeir voru í fjórða og fimmta sæti á lista Sirkuss fyrir rúmlega ári.

Þar voru eignir þeirra metnar á 80 milljarða króna hvor. Nú eru eignir þeirra metnar á 19 milljarða króna sem er einungis fjórðungur af því sem þær voru fyrir ári. Það er ljóst að þeir bræður hafa fundið hvað harðast fyrir lækkun úrvalsvísitölunnar.

Nokkrir viðmælenda töldu líklegt að ef sumir af þeim sem eru á listanum og hafa fundið hvað harðast fyrir kreppunni yrðu gerðir upp í dag væru þeir líklega gjaldþrota.

Talið er að sá fjórðungur sem við nú siglum inn í muni einkennast af afskriftum hjá stóru bönkunum. Líklegt er að flest fyrirtæki þurfi að taka enn betur til í rekstri

sínum. Eftir að því er lokið nú á haustmánuðum gæti markaðurinn farið að glæðast aðeins á ný.

Einn viðmælendi nefndi það að bankarnir hefðu verið að halda í sér við að skera niður í rekstri á fyrsta og öðrum fjórðungi. Það verði hins vegar að gerast til þess að bæta ástandið. „Menn verða að taka upp stóru öxina,“ líkt og einn viðmælenda komst að orði. „Næstu þrjú árin verða erfið,“ sagði annar.

1.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Það er álit allra viðmælenda að Björgólfur Thor sé sigurvegari fyrri helming þessa árs. Flestar eignir hans eru óskráðar. Hins vegar hafa ýmsar aðrar eignir hans, eins og í finnska fjarskiptafyrirtækinu Elisa, verið að falla í verði. Novator á 11,5 prósentu hlut í Elisa en bréf félagsins hafa fallið um 35 prósent frá áramótum. Auk þess hafa aðrar eignir eins og Landsbankinn og Straumur verið að falla í verði. Á lista sem Forbes birti í mars síðastliðnum var Björgólfur metinn á 3,5 milljónir dala (267 milljarða ISK). Frá þeim tíma hefur hlutur hans í Landsbankanum lækkað um 10 milljarða og hluturinn í Straumi um 4 milljarða.

230 MILLJARÐAR

2.

JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG

Eignir Jóns Ásgeirs og Ingibjargar eru nú metnar á 75 milljarða króna. Það er talsverð breyting frá því í fyrra þegar samanlagðar eignir þeirra voru metnar á 130 milljarða króna. Ljóst er að stór hlutur þeirra í FL Group hefur rýrnað umtalsvert. Í lok desember í fyrra jók Baugur hlut sinn í FL Group um helming við hlutafjárúkningu félagsins. Hlutafjárúkningin fór fram á genginu 14,7. Seinasta gengi FL Group áður en félagið var tekið af markaði og nafninu breytt í Stoðir var 6,60. Samkvæmt heimildum Markaðarins tapaði Baugur því 29 milljörðum á þessari fjárfestingu sinni.

75 MILLJARÐAR

4.



GÍSLI REYNISSON

60 MILLJARÐAR

Svo virðist sem Gísli Reynisson, sem fór úr 15. sæti á lista Sirkuss í fyrra í það sjötta í úttekt Markaðarins í mars síðastliðnum, sé að koma einna best út úr þrengingum síðustu mánaða. Það virtist samhljóma álit flestra viðmælenda að hann og Björgólfur Thor séu sigurvegarar fyrri hluta þessa árs.

5.



ÓLAFUR ÓLAFSSON

55 MILLJARÐAR

7.



JÓN HELGI GUÐMUNDSSON

43 MILLJARÐAR

8.



STEINGRÍMUR WERNERSSON

42 MILLJARÐAR

9.-10.



JÓHANNES JÓNSSON

40 MILLJARÐAR

9.-10.



ÁSA KAREN ÁSGEIRSDÓTTIR

40 MILLJARÐAR

11.



PÁLMI HARALDSSON

35-40 MI



3.

KARL WERNERSSON

Karl Wernersson virðist vera að koma vel út úr erfiðu árferði nú um stundir að mati flestra viðmælanda. Þó var viðmælandi sem taldi að nokkrir erfiðleikar hefðu verið hjá Milestone að undanfögnu. Það hefði verið ástæðan fyrir því að íslensk félög í eigu Milestone voru sett undir Innvik.

62 MILLJARÐAR



Ólafur hefur komið vel út úr þrengingum síðustu mánaða. Hann er stærsti eigandinn í Alfesca, sem er eina íslenska félagið í kauphöllinni sem hefur hækkað á þessu ári. Ólafur á 40 prósent í Alfesca. Markaðsvirði þess hlutar er 16 milljarðar króna. Stærsta eign hans er þó tíu prósent hlutur í Kaupþingi. Markaðsvirði hans er 54 milljarðar króna. Auk þess er Ólafur aðaleigandi Samskipa.

6.

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
55 MILLJARÐAR

Björgólfur Guðmundsson færir hvern niður listann. Hann var í öðru sæti á lista Sirkuss í fyrra og voru eignir hans þá metnar á 105 milljarða króna. Frá því að markaðurinn náði hæstu hæðum hefur hlutur hans í Landsbankanum lækkað um 50 milljarða, hlutur í Eimskip um 18 milljarða og í Straumi um 24 milljarða. Þá eru ótaldar eignir eins og hlutur hans í Icelandic og í knattspyrnufélaginu West Ham. Eignir Björgólfs hafa því rýrnað um næstum helming í niðursveiflunni.

ÁLITSGJAFAR

- Ásta Dís Óladóttir, dósent við Háskólann á Bifröst.
- Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Glitnis.
- Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í greiningu Kaupþings.
- Hafliði Helgason, blaðamaður og ráðgjafi.
- Valdimar Svavarsson hagfræðingur.
- Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital.

12.-13.

GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON
25 MILLJARÐAR

12.-13.

GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR
25 MILLJARÐAR

14.

INGUNN WERNERSDÓTTIR
20 MILLJARÐAR

15.

ÁGÚST OG LÝÐUR GUÐMUNDSSYNI
19 MILLJARÐAR HVOR

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Dómsmálaráðherra hefur tekið upp hugmyndir um leið að upptöku evru hér. Línur þurfa að skýrast í málinu.

Stöðugt fækkar í vinahópi krónunnar

Óli Kristján Ármannsson

Fáum blandast orðið hugur um að gjaldmiðill þjóðarinnar er uppspretta mikils óstöðugleika í hagkerfinu. Margítrekað hefur verið bent á hvernig sveiflur í gengi krónunnar skaða starfsumhverfi fyrirtækja, hvort sem þau byggja afkomu sína á inn- eða útflutningi, enda óviðunandi að geta ekki gert áætlanir nema örfáa mánuði fram í tímann. Þá finna þetta nú fleiri en áður á eigin skinni, enda hafa lántökur í erlendri mynt aukist mjög á meðal almennings. Ekkert grín er þegar greiðslubyrði heimilis sveiflast jafnvel um tugi þúsunda milli mánaða.

Fyrr á árinu birti Viðskiptaráð Íslands könnun sem gerð var á meðal aðildarfélag þess þar sem kom fram að 70 prósent þeirra vildu kasta krónunni. Aðild að Evrópusambandinu er hins vegar umdeildara mál og mikilvægt að taki að skýrast hvaða leiðir eru færar í þessum efnunum.

Ef hægt er að semja um aðild að Myntbandalagi Evrópu og taka hér upp evru án þess að ganga fyrst í Evrópusambandið líkt og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra stakk upp á í byrjun vikunnar á vef sínum eru það góðar fréttir, svo fremi sem það flýti því að hér verði skipt um gjaldmiðil. Margir telja hins vegar að ráða megi af fyrri orðum forsvarsmanna Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu að leiðin sé vægast sagt yrfær. Þannig var í gær haft eftir Percy Westerlund, sendiherra og yfirmanni fastanefndar Evrópusambandsins, að hugmyndir Björns hefðu komið honum á óvart og að evra yrði ekki tekin hér upp án aðildar að ESB.

Ætli menn sér að vera í forystu fyrir stjórnmalaflokk gengur ekki að burðast með skoðanir sem ganga í berhögg við skoðanir meginþorra flokksmanna. Er nærtækt að líta til Framsóknarflokksins í þessum efnunum þar sem greina má nokkurn blæbrigðdamun frá því sem áður var í orðum og æði núverandi formanns flokksins þegar kemur að Evrópumálum. Þar í flokki hefur enda fjölgað mjög þeim sem sjá kosti þess að láta reyna á Evrópusambandsaðild, en þar á meðal eru líka tveir síðustu formenn flokksins. Forvitnilegt verður að fylgjast með hvaða línur verða lagðar í þessum efnunum á næsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins, en komið hefur fram að þar eigi að fjalla sérstaklega um Evrópumál.

Þótt aðild sé enn umdeild hefur síðustu ár verið sívaxandi þungi í þessari umræðu og ljóst að innan stærsta stjórnmalaflokks landsins er nú orðið mikið fylgi við að brugðist verði við í gjaldmiðilmálum og jafnframt að látið verði reyna á aðild að Evrópusambandinu, verði raunin sú að þessi mál verði ekki slitin í sundur.

Stefnuleysi í þessum málaflokki er hins vegar skaðlegt og óvissa um afstöðu ráðamanna rýrir traust á gjaldmiðlinum og hagkerfi þjóðarinnar. Að dómsmálaráðherra skuli taka upp á vef sínum hugmyndir um leiðir að upptöku evru hér á landi er mikilvægt útspil og kann að vera nauðsynlegt fyrir umræðu um Evrópumál innan Sjálfstæðisflokksins. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa hins vegar að gæta að því hvernig þeir haga orðum sínum þegar kemur að umræðu um efnahagsmál. Komist á um það sátt á vettvangi stjórnmalanna að leita beri nýrra leiða í skipan gjaldeyrismála þjóðarinnar og gengið verði til samninga við Evrópusambandið í þeim efnunum er einnig vandséð að horfið verði frá þeirri leið á ný. En líkt og Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs Íslands, bendir réttilega á er „mikilvægt að hafa í huga að formlegar viðræður af þessu tagi fælu í sér ákveðna yfirlýsingu af hálfu stjórnvalda um íslensku krónuna og peningastefnu Seðlabanka Íslands“.

Mestu máli skiptir að marka stefnu og eyða óvissu og þar er ábyrgð stjórnmalamanna mikil. Líklegt er að valið muni eftir sem áður snúast um hvort stefna skuli að upptöku evru og aðild að Evrópusambandinu, eða hvort við viljum halda krónunni og grípa til hverra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar kunna að vera til að draga úr sveiflum hennar.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



ARTO Þýskur Lúxus húsbíll frá Niesmann+Bischoff

Nýskráður jan. 2006. Ekin 19 þ km. Fiat Ducato 18, 2,8 JTD 127 hö, lengd 6,2 heildarþyngd 3500/3850 kg. Tvöfaldur botn. Góð veghæð.

Helsti búnaður: 17"TV+DVD; Radio+CD; TrumaC6002; bakmyndavél; A/C, Heki 1 topplúga; hjólagrind, snúningsstólar; 2 sófar; hjónarúm, eldavél, ísskápur, WC, sturta ofl.ofl.

Kostar nýr 16,0 **Tilboð 8,5** Sími: 660 5440

Konur eru mikilvægasti markhópurinn!

Í nýlegri grein fullyrta The Economist að konur stjórnuðu 80 prósentum af öllum kaupákvörðunum í heiminum. Þetta á eflaust ekkert síður við á Íslandi. Sem dæmi sjá nærri 83 prósent af íslenskum konum (25-55 ára) um nær öll matarinnkaup heimilisins samkvæmt neyslukönnun Gallup (NLG). Samt segja YouGov-rannsóknir erlendis að tveir þriðju hlutar kvenna finni engin tengsl við auglýsingar sem beint er að þeim. Enn fremur segir helmingur kvenna að auglýsendur láti þeim oft hreinlega líða illa með hvernig auglýsingunum til þeirra er háttað.

Ef konur taka ákvarðanir um svona stóran hluta af öllum kaupum skiptir auðvitað miklu máli fyrir fyrirtæki að gera sér grein fyrir því hvernig þessi hópur hagar lífi sínu, en falla ekki í þá gryfju að elta steríómynd af honum. Flestar auglýsingastofur á Íslandi predika að konur á aldrinum 25 til 55 ára sjái um kaup á nærri öllum neysluvörum heimilisins og að á þessu aldurskeiði byrji fólk að stofna heimili, koma sér upp fjölskyldu og hefja vinnuferil. Því sé þetta án efa langmikilvægasti markhópurinn fyrir líklega flestar tegundir neysluvara. En hvernig er þessi hópur íslenskra kvenna á aldrinum 25 til 55 ára? Hvað segja rannsóknirnar (stuðst við NLG og Hagstofu)?

Helmingi fleiri konur á Íslandi en karlar stunda meistaranám og töluvert fleiri konur eru í doktorsnámi en karlar. Atvinnuþátttaka kvenna er með því hæsta í heiminum, en rúmlega 85 prósent af þessum konum eru þátttakendur í atvinnulífinu. Tæplega 4 prósent af þessum hóp eru atvinnurekendur á Íslandi (miðað við 5 prósent karlanna á sama aldri). 21 prósent

ORD Í BELG

Guðmundur Arnar Guðmundsson markaðsstjóri



af hópnum er sammála eða mjög sammála fullyrðingunni „Ég geri allt fyrir starfsframann“ miðað við 23 prósent karlanna á sama aldri. Enn fremur segjast jafnmargar konur og karlar (23 prósent) vinnu vera áfanga á frambrautinni fremur en bara vinna. Það líkar jafn mörögum konum og körlum ábyrgð fremur en að vera sagt fyrir verkum. Konur innan hópsins nota netið jafn mikið og karlmenn og 71 prósent af hópnum hefur verslað á netinu. Nær allar eru jafn opnar fyrir nýrri tækni og karlar og tæplega helmingur hópsins reynir að fylgjast með nýjustu tækninýjungum. 90 prósent af þeim setja samverustundir með fjölskyldunni efst í forgangs röðina en það er aðeins 3 prósentustigum herra en meðal karla á sama aldri. 65 prósentum finnst spennandi breytingar í lífinu mikilvægar svo lífið verði ekki leiðinlegt, 48 prósent hafa gaman af því að taka áhættu og 41 prósent kunna vel við mikinn hraða.

En hvað með kauphegðun hópsins? Tæplega 90 prósentum af hópnum finnst það þess virði að borga meira fyrir gæðavöru. 62 prósent eru til í að borga meira fyrir umhverfisvænar vörur en 70 prósent forðast að kaupa vörur sem eru skaðlegar umhverfinu. 76 prósent af hópnum kaupir oft eitthvað án þess að gera verðsamanburð og 56 prósent af þeim reyna að fylgja tiskunni.

Hópurinn er mjög tryggur vörumerkjum sem hann treystir en 62 prósent kaupa sjaldan eða aldrei nýjar vörutegundir þegar þau sjá þær. Fjórðungur hópsins hefur sjaldan tíma til að elda mat og rúmlega 40 prósentum finnst alltaf gaman að versla.

Aðaláhugamál hópsins eru í réttri röð: uppeldismál, ferðir erlendis, ferðir innanlands, næring/hollusta og útivist. 56 prósent af þeim stundar reglulega líkamsrækt.

Það er því nokkuð ljóst að konur eru mjög langt frá þeirri steríómynd að hópurinn vilji helst sem minnst sækja fram á vinnumarkaðinum og tileinka sér tækninýjungar. Það breytir því þó ekki að þær hafa eflaust flestar fleiri keilum að halda á lofti í lífinu en karlmenn á sama aldri. Heimilið og uppeldismál eru meira á þeirra herðum en það breytir því ekki að þær eru að mennta sig meira, hafa sama metnað og taka virkan þátt í atvinnulífinu. Rétt eins og þegar manneskja talar við okkur alveg úr takt við sjálfsmýnd okkar (t.d. talar niður til okkar eða af skilningsleysi) viljum við ekkert með þá manneskju hafa. Það sama á við um vörumerki þegar þau „tala“ við fólk á sama hátt.

David Ogilvy sagði eitt sinn: „Viðskiptavinurinn er ekki hálfviti. Hann er konan þín! Ekki gera lítið úr vitsmunum hennar.“ Hópurinn bregst við hugmyndum sem spara þeim tíma og svarar þörfum þeirra. Með því að tala í röngum tón eru engar líkur á því að einhver árangur náist. Sala gæti aukist í dag á vörum sem eru auglýstar með taktlausum skilaboðum en trúfesta (e. commitment) gagnvart þeim verður engin. Án trúfestu skiptir hópurinn fljótt yfir í aðrar vörur um leið og færi gefst.



ORDSKÝRINGIN

Nafnverð

Nafnverð, einnig nefnt nafnvirði, vísar til verðs eða virði í peningum án tillits til verðbólgu. Raunvirði tekur aftur á móti tillit til verðbólgu.

Þegar um verðtryggð lán er að ræða er höfuðstóll það sama og eftirstöðvar af nafnverði. Við höfuðstólinn bætast svo uppsafnaðar verðbætur.

Nafnverð vísar einnig til skráðs virðis verðbréfa. Ef hver



hlutur er t.d. metinn á 100 krónur að nafnvirði og gengið er 5 þá er markaðsvirðið 500 krónur. Nafnverð er því ekki það sama og markaðsvirði. Fjárfestar nota gengi síðustu viðskipta til að reikna út verðmæti hlutar síns með því að margfalda það með nafnverði hlutar. Það er algengast að nafnverð hvers hlutar sé 1 króna.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Arnarson, Guðný Helga Herberdsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Láudal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 512 5000 SíMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldar-prentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ... PÁL GUNNAR PÁLSSON, FORSTJÓRA SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Frönskumælandi lögfræðingur

Samkeppniseftirlitið undirbýr núna umsögn um fyrirhugaðan samruna Kaupþings og SPRON. Bankar og fjármálastofnanir hafa fengið sent ítarlegt erindi með fjölmörgum spurningum um íslenskan viðskiptabankamarkað. Háværar raddir eru um frekari samruna fjármálfyrirtækja og því má ætla að það verði í nægu að snúast fyrir Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Pál Gunnar tók stúdentspróf frá MA árið 1987 og nam svo frönsku við Universit  de Paul

Valery í Montpellier í Frakklandi árin 1987–1988. Þaðan lá leið hans í Háskóla Íslands þar sem hann brautskráðist sem lögfræðingur árið 1994.

Pál Gunnar hóf starfsferil sinn sem lögfræðingur hjá Seðlabanka Íslands (1994–1995). Hann gegndi stöðu lögfræðings iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins (1995–1996) og síðar stöðu deildarstjóra við sama ráðuneyti (1996–1998). Hann var forstjóri Fjármálaeftirlitsins 1999–2005 áður en hann tók við sem forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Pál Gunnar hefur setið í, starfað með og stýrt ýmsum nefndum fyrir hönd iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og síðar Fjármálaeftirlitsins, s.s. nefndum um breytingu ríkisviðskiptabanka í hlutfélög, breytingu á fjárfestingarlánasjóðum í eigu ríkisins og sölu á eignarhlut ríkisins í lánastofnunum. Hann hefur einnig starfað með nefndum um endurskoðun á opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi og var formaður nefndar um stofnun Fjármálaeftirlitsins. Pál Gunnar tók einnig þátt í mótun lög-

gjafar á sviði orkumála og eignarhalds á auðlindum í jörðu og var formaður prófnefndar verðbréfamiðlunar 1996–1999. Hann var þátttakandi í erlendu samstarfi á vegum fjármálaeftirlitsins, m.a. fulltrúi á aðalfundum Samtaka evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR).

Pál Gunnar er fæddur 15. september árið 1967. Hann er kvæntur Signýju Mörtn Böövarsdóttur og eiga þau eina dóttur og einn son. Pál Gunnar á einnig tvo stjúpsyni og son frá fyrra sambandi.



SPÁKAUPMAÐURINN

Good swinger

„Show me the money, show me the money,“ gargaði Cuba Gooding Jr. dansandi glaður í eyrað á dvergunum Tom Cruise þar sem hann hélt símtólinu þétt að eyra sér í myndinni Jerry Maguire hér um árið. Ég sá myndina aftur um helgina. Hún eldist ekkert sérlega vel. Mér líkar betur við Michael Douglas í Wall Street, sem var gerð einhverjum áratugum fyrr. Það virðist sem hún hafi verið gerð í gær.

Lundin er létt hjá mér þessa dagana og monniarnir láta á sér kræla sem aldrei fyrr. Rétt eins og hjá Gordon okkar manni Gekko. Svei mér þá ef það er ekki gósentíð.

Ég er búinn að taka nokkra væna svinga á bandaríska hlutabréfamarkaðnum síðustu vikuna og búinn að taka góða skammta í hús. Setti nokkrar góðar kúlur á klúðurfélögin í fasteignalánabransanum í US of A og tók enn fleiri í hús á föstudaginn. Húsa-smiðir í meistarafélaginu gætu aldrei grætt jafn mikið á góðum degi – jafnvel ekki þótt pípulagningameistari væri með í för og kannski einn eða tveir rafvirkjar til. Ekki séns. Ekki svo að skilja að ég viti hvað þeir hafi mikið að gera um þessar mundir.

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er eitthvað sem ég vil ekki vita af núna. Hann er handónýtt tuska og lítið á honum að græða. Félagarnir löngu hættir að taka svinga, vantar þjeninga til þess, eins og skáldið tók til orða þegar hann sníkti þjening fyrir bjór, og þora ekki að leggja pening í neitt. Spurning hvort þeir geti pantað iðnaðarmann til að laga pípulagnirnar. Skræfur sem horfðu ekki fram í tímann og lifðu hátt á vitlausu gengi.

Allavega. Núna er ég endurfjármagnaður næstu tvö árin – nema annað gerist. Sem skiptir mig svo sem litlu máli en gerir konuna afskaplega glaða. Gláða? Já, það sagði ég víst og þegar hún er það þá brosi ég út í eitt þar til ég fer upp í rúm að sofa. Sofa? Sagði ég það? Hvað um það. Við konan brosum og það skiptir máli.

Spákaupmaðurinn á horninu

Alltaf á tánum í hlutabréfaviðskiptum

Hans-Ole Jochumsen, forstjóri OMX-kauphallasamstæðunnar á Norðurlöndunum, segir að sífellt sé leitað leiða til að bæta hlutabréfamarkaðinn. Hraði og nýsköpun er lykillinn í harðri samkeppni. Forstjórinn spjallaði við Jón Adalstein Bergsveinsson.

Við erum alltaf á tánum, leitum stöðugt nýrra leiða í kauphallarviðskiptum,“ segir Hans-Ole Jochumsen, forstjóri norrænu kauphallasamstæðunnar OMX.

Hann segir mikla breytingu hafa orðið á kauphöllum víða um heim. Samþjöppun hlutabréfamarkaða hafi skilað sér í geysiharðri samkeppni. Mikilvægt sé að vera á undan öðrum mörkuðum og bjóða upp á bestu vörurnar hverju sinni. Hraði í kauphallarviðskiptum og lágt verð fyrir þjónustuna skiptir miklu máli í dag, að hans sögn.

Hans-Ole tók við forstjórastarfinu í apríl síðastliðnum af Jukka Ruuska. Hann var áður aðstoðarforstjóri samstæðunnar sem rekur hlutabréfamarkaði á Norðurlöndunum, að Noregi undanskildu, og í Eystrasaltsríkjum.

Forstjórinn var staddur hér á landi á dögunum og kynnti sér starfsemi Kauphallarinnar, sem hefur verið hluti af norrænu kauphallasamstæðunni frá því um þarsíðustu áramót.

SPENNANDI TÍMAR

„Samkeppni á hlutabréfamörkuðum í Evrópu mun verða mjög hörð á næstu árum. Henni hefur ekki verið að skipta að svo miklu leyti fyrr,“ segir Hans-Ole og vísar til þeirra miklu breytinga sem orðið hafi á hlutabréfamörkuðum síðustu misserin. Eignarhald þeirra er nú á færri höndum eftir umfangsmikil uppkaupta markaða hver í öðrum – jafnvel langt út fyrir markaðssvæðin í Bandaríkjunum og Evrópu.

Viðburðaríkir tímar eru fram undan hjá OMX-samstæðunni um þessar mundir. Bandaríska kauphöllin Nasdaq keypti hana með manni og mús í fyrra og rennur starfsemin undir einn hatt í september. Hann hlakkar mikið til samrunans. „Það er mjög heillandi að hafa aðgang að markaðnum þar, fjárfestar í Bandaríkjunum munu taka vel eftir þeim norrænu fyrirtækjum sem eru skráð á markað hjá okkur,“ segir forstjórinn. „Við eigum mikla möguleika í Bandaríkjunum. Þetta eru spennandi tímar.“

Hans-Ole segir margar nýjungar hafa verið teknar upp vegna þessa. Bæði hafi samstæðan kynnt lausnir frá Bandaríkjunum auk þess sem eigin afurðir og þjónusta hafi verið þróuð áfram. Auðkennaleysi í hlutabréfaviðskiptum og aðrar nýjungar eru hluti af breytingunni hér en hefur verið þekkt um árabil vestanhafs. Þá er aðeins fátt eitt nefnt. „Við verðum nokkurn veginn búin að innleiða flest atriði þegar samruninn gengur í gegn,“ segir forstjórinn.

STÓR JAFNT OG SMÆRRI

Hans-Ole segir mikilvægt að halda norrænum fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði. Ekki

NOKKRAR NÝJUNGAR OMX

- Áframsending tilboða (Order Routing). Er fyrir kauphallaraðila sem senda áfram tilboð viðskiptavina sinna (fjárfesta) til annarra markaða til þess að finna besta verðið á hverjum stað.
- INET. Viðskiptakerfið sem NASDAQ keyrir á og er eitt það hraðasta sem til. Áætlað er að INET taki við af SAXESS viðskiptakerfinu á næsta ári.
- Auðkennaleysi í viðskiptum. Kauphallaraðilar eru ekki skráðir fyrir kaupum og sölum á hlutabréfum. Upplýsingarnar aðgengilegar eftir lokun markaða.



HANS-OLE JOCHUMSEN Forstjóri norrænu kauphallasamstæðunnar OMX segir mikilvægt að gera millistórum fyrirtækjum auðveldara um vik að fara á markað. Hann segir margar tækninýjungar í pípunum sem muni auka samkeppnishæfi hlutabréfamarkaðarins til muna.

MARKAÐURINN/ARNÞÓR

megi þó einungis beina sjónum að stórum fyrirtækjum heldur verði að gera millistórum fyrirtækjum auðveldara um vik að fara á markað. Hann segir norræna markaðinn ekki einsdæmi, þetta eigi við víðar í Evrópu. Slíkt geti verið beggja hagar.

Hann telur stærstu fyrirtæki Norðurlanda sem skráð eru í OMX-samstæðuna verða skráð á öðrum hlutabréfamörkuðum á næstu árum, jafnvel fimm til sjö öðrum. Hann vísar til þess að ný tækni sem verið sé að taka í gagnið geri miðlurum kleift að finna besta verðið á hverjum stað.

KAUPHÖLL Í HVERJU LANDI

Hans-Ole segir leiðinlegt að vita til þess að nokkur íslenski fyrirtæki hafi sótt um afskráningu. Hann telur hins vegar engar líkur á að þeim muni fjölga sem hyggi á slíkt í nánustu framtíð. Tryggja verði að virkur hlutabréfamarkaður verði í hverju landi í framtíðinni. „Ég er bjartsýnn. Þegar við höfum lokið samruna við Nasdaq-markaðinn í september

verðum við áhugaverður kostur fyrir meðalstór fyrirtæki þar sem þau verða sýnilegri vestanhafs en nú. Þau ættu þó að sjá hag sínum borgið að fara á markað í heimalandi sínu. Þar eru líka höfuðstöðvar þeirra og fjárfestarnir sem þekkja fyrirtækin best,“ segir Hans-Ole Jochumsen.

ENGIN STANGVEIÐI

Fyrirhugað var að kynna forstjóranum nýja fyrir gjöfulli náttúrunni hér og bjóða honum meðal annars í stangveiði. En nýja starfið varð til þess að áætlanir röskuðust nokkuð og verður veiðin að bíða betri tíma. „Við konan seldum húsið okkar fyrir nokkru og verðum að flytja út,“ segir Hans-Ole en þau hjón eru að flytja af Stór-Kaupmannahafnarvæðinu til Stokkhólms en þar eru höfuðstöðvar kauphallasamstæðunnar á Norðurlöndunum. Nýju hífylin fá þau ekki fyrr en í byrjun október. „Ég verð að fara heim og pakka með konunni, annað væri ósanngjarnt,“ segir forstjóri norrænu kauphallasamstæðunnar OMX.

Auglýsingasími

512
5050



– Mest lesið

Framtíð á blápræði

Endurfjármögnun stendur yfir. Vantar um tvo milljarða inn í reksturinn.

Mikil ólga hefur umleikið danska fríblaðið Nyhedsavisen að undanförunu. Áður óþekkt skuldaþréf í eigu Stoða Invest upp á 4 milljarða íslenskra króna setti strik í reikninginn við endurfjármögnun blaðsins sem nú stendur yfir. Skuldabréfið fékk Stoðir Invest fyrir að færa meirihlutaeign í félaginu bak við Nyhedsavisen til Morten Lund.

Morten Lund, aðaleigandi blaðsins, hefur leitað leiða til að fá nýtt fjármagn inn í reksturinn en uppi eru raddir um að ekki hafi náðst samkomulag milli hans og Stoða Invest hvernig best sé að standa að því. Það þarf um tvo milljarða til að hægt sé að halda rekstrinum áfram. Vitað er til þess að hann hafi átt í viðræðum við Lars Seier Christensen, eiganda Saxo Bank, um aðkomu að endurfjármögnun blaðsins. Í Berlinske Tidende fyrir helgi kom fram að fjórir af sex stjórnarmönnum í 365 Media Scandinavia, útgáfufélagi Nyhedsavisen, hötuðu að segja af sér ef framtíð blaðsins yrði ekki tryggð í nánustu



FYRSTA FORSÍÐA NYHEDSAVISEN Fríblaðið kom út í fyrsta sinn 6. október 2006.

framtíð.

Vandræði fríblaðsins eru fleiri, en skattayfirvöld eru með kröfu upp á rúmlega 100 milljónir kr. vegna ógreidds virðisaukaskatts. Einnig hafa eftirlitsstofnanir hótað að leysa útgáfunu upp ef ársreikningi síðasta árs verði ekki skilað fyrir 21. júlí.

Morten Lund hefur sett upp áætlun fyrir hugsanlega fjárfesta þar sem gert er ráð fyrir að mánaðarlegar auglýsingatekjur muni vaxa frá tæpum 200 milljónum króna í tæpar 600 milljónir. Mánaðarlegur dreifingarkostnaður þarf einnig að lækka um 50-100 milljónir um leið og upplagið á að aukast um 65.000 eintök. Með þessum hætti á Nyhedsavisen að skila rúmum milljarði í hagnað fyrir árið 2009. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort blaðið muni koma út að nýju eftir sumarfrí en Morten Nissen Nielsen, forstjóri Nyhedsavisen, fullyrti við Börsen um síðustu helgi að svo væri.

Morten Lund vildi ekki tjá sig um málið þegar Markaðurinn hafði samband við hann. - ghh

Glitnir með jarðhitaráðstefnu í New York

„Við erum að vekja athygli bandarískra stjórnvalda á jarðhitaiðnaðinum og hvernig stjórnvöld geta tekið þátt í því með fyrirtækjum. Sérstaklega er ráðstefnunni þó ætlað að vekja athygli fjármálagæirans á greininni,“ segir Árni Magnússon, framkvæmdastjóri orkusviðs Glitnis.

Glitnir kemur í næstu viku að ráðstefnu í New York þar sem ætlunin er að vekja athygli á jarðhitaiðnaðinum. Það eru Geothermal energy association, samtök starfandi jarðhitafyrirtækja í Bandaríkjunum, sem hafa veg og vanda af ráðstefnunni en Glitnir og Ormat, sem er framleiðandi á sviði jarðvarma og raforku, styðja hana sérstaklega.

Meðal fyrirlesara verður forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson. Hann mun halda hádegisfyrirlestur um reynslu Íslendinga af nýtingu jarðhita.

Aðrir fyrirlesarar eru m.a. Alexander Karsner, aðstoðar-ráðherra í orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna og hans forveri, Dan Reicher, sem nú er framkvæmdastjóri umhverfissíðu Google, google.org.

Árni segir að þær ráðstefnur sem Glitnir hefur komið að síðustu árin í Bandaríkjunum séu stöðugt að stækka og ráðstefnan



ÁRNI MAGNÚSSON framkvæmdastjóri orkusviðs Glitnis. Hann segir áhuga fjárfesta á jarðhitageiranum sívaxandi.

MARKAÐURINN/GVA

í New York sé hluti af því. „Jarðhitageirinn er stöðugt að vaxa,“ segir Árni.

Hann segist finna fyrir auknum áhuga fjárfesta á jarðhitaiðnaðinum.

Efnahagsþrengingar undanfarna mánaða hafi ekki haft mikil áhrif á þennan iðnað. „Þú þarft að hafa þekkingu á auðlindinni og aðgang að fólki með mikla sérþekkingu. Þess vegna hafa menn veigrað sér við því að fara inn í þennan geira af krafti,“ segir Árni. „Það hefur skapað Glitni góða stöðu vegna þekkingar okkar,“ bætir hann við.

Árni segir að nú starfi í kringum 20 starfsmenn fyrir Glitni í Bandaríkjunum. - as

Danir baula á konur á barneignaraldri

Mörg fyrirtæki ráða fremur aðra umsækjendur en konur á barneignaraldri. Þetta kemur fram í Börsen en þar er sagt frá rannsókn sem greiningarstöðin Zapera gerði með því að taka viðtöl við 252 starfsmannastjóra í dönskum fyrirtækjum. Um 10% starfsmannastjóra viðurkenndu að hafa hafnað konu á barn- eignaraldri þrátt fyrir að hún hefði verið jafnhæf eða hæfari en aðrir umsækjendur í starfið.

Ekki virðist sömu sögu að segja á Íslandi ef marka má orð ráðning- arstjóra Capacent og Hagvangs. „Það sem ég þekki til íslenska markaðarins þá get ég ekki séð að íslensk fyrirtæki hafni konum á barneignaraldri, nema síður sé,“ segir Auður Bjarnadóttir, ráðningarstjóri hjá Capacent. Þórir Þorvarðarson, ráðningar- stjóri hjá Hagvangi, tekur í sama streng og segist ekki hafa upplif- að slík dæmi hér á landi. - ghh



CHRISTOPHER COX Forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins ætlar að hefja rannsókn á því á ný hvort skortsalar hafi dreift röngum fréttum um fjárhagsstöðu fjármálfyrirtækja í þeim tilgangi að fella gengi þeirra.

MARKAÐURINN/AFP

Skrúfa fyrir orðróm

Bandaríska fjármálaeftirlitið vill bæta fréttáflutning af stöðu fjármálfyrirtækja. Stöndug fyrirtæki hafa orðið orðrómi að bráð.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Christopher Cox, forstjóri bandaríska fjármála- eftirlitsins, boðaði um síðustu helgi að eftirlitið muni ásamt ýmsum systurstofnunum kanna hvort skortsalar hafi dreift órökstuddum orðrómi um veika fjárhagsstöðu ýmissa bandarískra banka og fjármálfyrirtækja síðustu misserin. Tilgangurinn var sá einn að fella gengi bréfa í fyrirtækjunum og kaupa þau fyrir lítið fé – nú eða eignirnar verði fyrirtækin gjaldþrota. Illa þenkjandi skortsalar liggja undir grun.

Fjármálaeftirlitið vestanhafs hefur áður lagt út í rannsókn sem þessa. Tímaritið Forbes segir mjög erfitt ef ekki ógerning að færa sönnur á þetta.

Eftirlit í fleiri löndum eru sömuleiðis að kanna málið, svo sem hér á landi, en grunur leikur á að erlendir vogunarsjóðir hafi gert aðför að landinu, líkt og það var orðað eftir heimsókn nokkurra sjóðsstjóra, meðal annars frá Bear Stearns, hingað til lands í byrjun árs. Þeir eru grunaðir um að hafa haft áhrif á gengi fjármálfyrirtækja með því að breiða út fréttir um slæma skulda- stöðu banka og ríkis til erlendra greiningardeilda og fjölmiðla.

Vefmiðillinn MarketWatch tekur fall fjárfestingarbanka á borð við Bear Stearns og Lehman Brothers sem dæmi um afleiðingarnar. Forbes bætir um betur og segir nýjustu dæmin hrun á gengi húsnæðislánasjóðanna Fannie Mae, Freddie Mac og Washington Mutal. Grunur leikur á að

sótt hafi verið gegn fleiri bönkum með það í huga að koma þeim á kné.

Fjallað er ítarlega um fall Bear Stearns – nokkrir sjóðsstjórar bankans komu hingað til lands ásamt fleirum í janúar – í dramatískri grein í nýjasta tölublaði tímaritsins Vanity Fair. Orðrómur fór á kreik um slæma lausafjárstöðu bankans snemma á árinu og fylgdi bandaríska viðskiptastöðin CNBC málinu eftir. Alan Schwartz, þáverandi forstjóri bankans, neitaði ævinlega að svo væri og ítrekaði að fjárhagsstaðan væri sterk þrátt fyrir að lokað hafi verið fyrir tvo fjárfestingarsjóði á þeim tíma sem málið komst í hámmáli.

Fréttáflutningurinn hafði hins vegar þau áhrif að lánveitendur Bear Stearns á millibankamarkaði og aðrir bakhjarlar færðu sig fjær bankanum og treystu sér á endanum ekki til að lána honum svo mikið sem krónu. Þegar yfir lauk forðaði bankinn sér frá gjaldþroti með sameiginlegum björgunaraðgerðum bandaríska seðlabankans og fjárfestingarbankans JP Morgan í marsmánuði. Kaupunum var líkt við brunauítsölu á sínum tíma.

Höfundur greinarinnar, Bryan Burrough, sem meðal annars hefur skrifað ítarlegar greinar um stöðu fjármálagæirans í viðskiptatímaritið Economist, gagnrýnir CNBC óbeint fyrir að leita ekki frekari heimilda fyrir fréttum sínum. Forráðamenn stöðvarinnar hafa svarið af sér að þau hafi ekki sinnt hlutverki sínu. Burrough segir hins vegar að hlutverk fjölmiðla í þeim ólgusjó sem fjármálfyrirtækin sigli í um þessar mundir sé mikilvægt. Eins og dæmin sanni geti þúfa velt hlassi sé farið með rangt mál.

Mikilvægt að eyða óvissunni

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins, studdu báðir hlutfjárukningu ríkisins til handa húsnæðislánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac í gær.

George W. Bush, sem hélt blaðamannafund í Hvíta húsinu í gær, sagði sjóðina nægilega burðuga fjárhagslega. Ekki sé verið að bjarga hluthöfum þeirra með aðgerðum stjórnvalda og ekki komi til greina að hækka skatta vegna þessa. „Það væru mistök,“ sagði forsetinn.

Gengi hlutabréfa í báðum sjóðum seig verulega í gær. Fallið dró niður gengi hlutabréfa vestanhafs og smitaði út frá sér til annarra markaða, meðal annars hingað en úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri í rúm þrjú ár.

Bernanke sagði á móti á fundi sínum með seðlabankanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í



FORSETINN VER BJÖRGUNARAÐGERÐ George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, sagði björgunaraðgerðir ríkisins ekki til þess fallnar að bjarga hluthöfum húsnæðislánasjóðanna Fannie Mae og Freddie Mac.

MARKAÐURINN/AP

Washington, að koma yrði fjármálamörkuðum á réttan kjöl en staðan væri erfið þar sem hagvaxtarhorfur væru neikvæðar.

„Það er forgangsríði að húsnæðis- og fjármálamarkaðir jafni sig. Það verður að eyða óvissunni,“ sagði hann. - jab

DAÐUR Í LÍFI ...

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona og eigandi Stubbasmíðjunnar Holtagörðum, segir frá degi í lífi sínu.

6.15-7.00 Kristinn Kolar, 7 mánaða, vill ekki lúlla lengur heldur hnoðast. Ég sný mér á hina hliðina og fæ gott nudd í bakið við rúllu&velti-leikinn hans.

9.00 Komin í Sundlaug Seltjarnarness.

10.30 Mætt í Stubbasmíðjuna Holtagörðum. Fram undan er fundur vegna útsölnunnar sem hefst síðar í mánuðinum.

12.00 Hádegismatur í Te & kaffi Holtagörðum. Þar er kaffibar fyrir fjölskylduna með besta kaffinu í bænum, en þar er hægt að fá mjólkurlausar veitingar sem henta mér vel. Á kaffihúsinu er einnig gott leiksvæði fyrir börn. Kristinn Kolar er sæll og öruggur í leikgrindinni þar.

12.30 Vinna við stefnumótun og hugmyndavinnu. En Stubbasmíðjan, Eymundsson, Habitat og Te & kaffi eru að vinna að því að skipuleggja dagskrá næsta vetrar. Markmiðið er að leggja upp með fjölskylduvæna stefnu eins og uppákomur fyrir börn, matreiðslunámskeið fyrir foreldra og námskeið fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.

14.00 Ég mætti á lyfjafræðisafnið sem er við hliðina á Nesstofu á Seltjarnarnesi. Þar fæ ég afar athyglisverða og fræðandi leiðsögn um safnið. En í þættinum Lostafulli listræninginn á Rás 1 sagði ég frá þessari heimsókn minni á safnið.

15.30 Komin heim til að þvo þvott og svara tölvupósti.

17.00 Úti á palli í sólinni. Þar er haldinn markaðsfundur vegna húsgagnalínu Stubbasmíðjunnar. Fyrsta sending væntanleg til landsins af fyrstu vöru framleiddri undir vörumerki okkar, Stubbahægindastólar með skammel. Allir regnbogans litir og ótrúlega krúttlegir og kósí.

18.30 Melabúðin ... hamborgarar og franskar.

21.30 Dansað við úlfa. Búin að gleyma hvað þetta er frábær mynd. Kevin Costner, magnaður leikari, hvað varð um hann?

23.00 Man ekki meir. Kevin Costner náði ekki að halda mér vakandi.



NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR Sofnaði yfir mynd með Kevin Costner eftir annarsaman dag. MARKAÐURINN/AUÐUNN

Fersk blóm nauðsynleg

Fastakúnni Dans á rósum kaupir mikið af blómum fyrir sjálfa sig. Framkvæmdastjóri Flugleiðahótela segir ekkert alvöru hótél geta verið án ferskra blóma.

Vala Georgsdóttir
skrifar

Afskorin blóm og pottaplöntur lífga óneitanlega upp á umhverfið. „Hortensíu er bæði hægt að hafa úti á palli eða inni í stofu,“ bendir María Fjóra Pétursdóttir á og vísar til þess að árstíð þessarar pottaplöntu sé einmitt núna.

Þegar farið er í verslunina Dans á rósum, á horni Baldursgötu og Lokastígs, gefur að líta blómstrandi hortensíur bæði utan sem innan dyra.

Nafnið á blómaversluninni hefur vakið athygli. Um nafnavalið segir eigandinn, Ragnhildur Fjeldsted: „Ég hafði í huga að velja lifandi og leiftrandi nafn á fyrirtækið sem ég var viss um að fólk mundi muna.“

„Það er ekkert nýtt undir sólinni þegar blóm eru annars vegar,“ segir hún og nefnir að mikilvægt sé að fylgjast vel með allri framþróun í greininni. Hluti af því er að geta sett saman bæði nýstárleg og hefðbundin blóm á þann máta svo eftir sé tekið.

Sem framkvæmdastjóri Flugleiðahótela ehf. bendir Magnea Þórey Hjálmarisdóttir á að ekkert alvöru hótél geti verið án ferskra blóma. En mikilvægt sé að skapa réttu stemninguna með árstíðabundnum blómum. En þannig fáist það andrúmsloft sem verið sé að sækjast eftir hverju sinni.

Ragnhildur, sem m.a. hefur séð um blómin fyrir Hilton hótelið við Suðurlandsbraut, sem er eitt margra hótela sem Flugleiðahótél ehf. reka segir að ef vel eigi að vera og blómaskreytingar eigi að heppnast vel sé ekkert sem heitir en að leggja sig allan fram. „Það þarf sannarlega að vanda sig alveg fram í fingurgóma,“ eins og hún orðar það.

„Það fylgir því heilmikil undirbúningsvinna að velja réttu blómin fyrir rétta tilefni,“ segir Ragnhildur. Úrval framandi blóma er mikið og því getur það tekið tíma að pæla í og ákveða hvað hentar hverju tilefni fyrir sig.

„Það þarf þó ekki alltaf að vera neitt sérstakt tilefni fyrir því að blóm séu keypt. Tilvalið sé að kaupa blóm til að gleðja sjálfan sig og fegra heimilið.“



BLÓMARÓSIN „Það fylgir því heilmikil undirbúningsvinna að velja réttu blómin fyrir rétta tilefni,“ segir Ragnhildur Fjeldsted, eigandi blómabúðarinnar Dans á rósum. MARKAÐURINN/ARNPÓR

Undir þetta viðhorf sem Ragnhildur minnst á taka þær Magnea Þórey og María Fjóra heilsuhugar.

Um blómakaupin fyrir heimilið segir Magnea Þórey meðal

annars: „Ég kaup blóm vikulega til að hafa í eldhúsinu hjá mér. En það þarf ekki alltaf að vera dýr vöndur. Ein gerbera í vasa kostar kannski sama og tvö súkkulaðistykki.“

FRÍSTUNDIN

Dellukarl

Ágúst Hrafnkelsson er haldinn krónískri tækjadellu og hefur nú fengið áhuga á vélhjólum.

„Áhugamálin eru fjölmörg,“ svarar Ágúst Hrafnkelsson, forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Glitni, þegar hann er spurður út í frístundir sínar. „Ég verð að játa að ég er dellukarl í mörgu og er haldinn krónískri tækjadellu, sem eiginkonan á bággt með að skilja.“

„Nýjasta uppfinningin er vélhjóladelldella á byrjunarstigi. Á þeim vettvangi er ein af fyrstu spurningunum hvort menn séu hippar eða eitthvað annað – út frá því velja menn víst hjólin og gallana. Ég hef hins vegar ekki komist að neinni niðurstöðu enn.“

„Fjölskyldan fór í byrjun sumars akandi um hluta Frakklands og Þýskalands. Það var að vanda skemmtilegt, þótt börnin væru á endanum ánægð

áð komast heim. Stefan er síðan að fara í lengri helgarferðir innanlands í sumar, enda er samvera með fjölskyldunnimikilvæg.“



Á ferðalögum er ljósmyndavélin aldrei langt undan að sögn Ágústs.

„Að frátöldum fjölskyldumyndunum tek ég meðal annars mannlífs- og landslagsmyndir, en ég hef reyndar ekki haft nægan tíma til að sinna þessu undanfarið.“


„Flug hefur heillað mig alla tíð, þótt ég hafi því miður ekki enn haft mig í að endurnýja flugskírteinið

sem rann út fyrir nokkrum árum. En það stendur vonandi til bóta,“ nefnir Ágúst að lokum. - vg



ÁGÚST HRAFNKELSSON Ágúst hefur áhuga á flugi. Skírteinið er hins vegar runnið út en til stendur að endurnýja það. MARKAÐURINN/AUÐUNN

Á FERÐALAGI



FÖSTUDAGUR:

Í bítíð
Ívar Guðmundsson
Rúnar Róbertsson
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Bylgjan á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru í sumarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!

Við höldum ferðalaginu ótrauð áfram og byrjum fyrr á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu. Ívar Guðmunds tekur við kl. 9 og Rúnar Róberts strax eftir hádegi. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis.

Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

Ævintýra-
eyjan

olis

BANKAHÓLFID

Andri mættur

Það vakti athygli á annars tíðindalitlum blaðamannafundi forsætisráðherra á mánudag að ungur og ljóshærður maður stóð þar á lengdar og fylgdist vel með öllu sem fram fór. Var þar kominn Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sem hafði augsýnilega átt fund með formanni sínum áður en blaða- og fréttamenn bar að garði og gaf sér svo tíma til að fylgjast með því sem fram fór. Ekki fer frekari sögum af fundarefni þeirra félaga, en víst er að skrif þeirra Björns Bjarnasonar dómismálaráðherra og Þórlindar Kjartanssonar, formanns SUS, um krónuna og evruna hafa verið þar ofarlega á blaði, enda til marks um vaxandi áhyggjur í Valhöll af stöðu efnahagsmála.



Ber vafalaust að lesa útspil þeirra Björns og Þórlindar með tilliti til þess að ólíkir armur innan flokksins séu þegar farnir að þreifa fyrir sér um næstu skref.

Tekið til varna

Jón Ólafsson, athafnamaður og vatnsútflýttjandi með meiru, undirbýr sig nú af kappi fyrir málsvörn eftir að ákæra var birt á hendur honum fyrir stórfellt skattalagabrot á dögnum. Jón hefur fengið sannkallað stórskotalið í málsvörnina, hæstaréttarlögmennina Sigurð G. Guðjónsson og Ragnar Aðalsteinsson.

Fast skotið

Þekkt er að formaður bankastjórnar Seðlabankans er með langræknari mönnum. Og einhverjir telja hann enn á fullu í pólitíkinni að tjaldabaki og ráða þar enn talsvert miklu. Í því ljósi þóttu ummæli Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, þeim mun forvitnilegri er hún opnaði Gestastofu gegnt tónlistar- og ráðstefnuhúsinu við Miðbakka á dögnum. Leit ráðherra þá í átt til Seðlabankans við Kalkofnsveg og sagði við stadda að hún vonaðist eftir því að tónlistarmennirnir í nýja húsinu yrðu frjórri í hugsun en þeir handan götunnar.



Velta menn nú fyrir sér pólitískri merkingu og mögulegum afleiðingum skeytasendingarinnar.

0,7%

Neysluverð í Bretlandi hækkaði um 0,7% í júní frá fyrri mánuði vegna hækkingu andi matvæla- og eldsneytisverðs og aukins samgöngukostnaðar.

28,3%

Heildarafli íslenskra skipa í júní, metinn á föstu verði, var 28,3% minni en í júní í fyrra segir á vef Hagstofu Íslands.

13,6%

minni velta var í greiðslukortaviðskiptum í síðasta mánuði en í sama mánuði í fyrra.

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ STOÐIR

Eignarhaldsfélagið Stoðir er öflugur kjölfestufjárfestir með skýra fjárfestingarstefnu sem styður og eflir kjarnafjárfestingar sínar í Glitni, Baugi Group, Landic Property og TM.

<p>BAUGUR GROUP Baugur á eignarhluti í fjölmörgum fyrirtækjum í smásöluverslun í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Meðal helstu fjárfestinga Baugs eru Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions, Hamley's, Magasin du Nord, Illum og Saks.</p>				
	<p>GLITNIR Glitnir er norrænn banki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í 10 löndum. Glitnir veitir viðtæka fjármálaþjónustu á borð við fyrirtækjalánastarfsemi og ráðgjöf, markaðsviðskipti, eignastýringu og viðskiptabankþjónustu á helstu mörkuðum sínum.</p>			
		<p>TM TM er eitt stærsta tryggingafélag á Íslandi og býður alhliða váttryggingaþjónustu og viðtæka fjármögnunarþjónustu. Dótturfélag TM í Noregi er Nemi Forsikring.</p>		
			<p>LANDIC PROPERTY Landic Property er eitt stærsta fasteignafélag Norðurlanda. Félagið á um 500 fasteignir í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi og leigir út um 2,6 milljónir fermetra til yfir 3.400 leigutaka.</p>	
	<p>www.stodir.is</p>			<p>STOÐIR</p>

HVITA HÚSIÐ/SÍA - 08-1318

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS 